

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2021

Efni: Erindi Félags atvinnurekenda vegna notkunar skyndigreiningarprófa

Atvinnufrelsi og athafnafrelsi fyrirtækja og einstaklinga er veitt rík vörn í stjórnarskrá. Í þeirri vörn felst m.a. að þetta frelsi verði ekki skert nema með skýrum ákvæðum í settum lögum sem auk þess verða að byggja á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Í ljósi þessa er ljóst að bann við innflutningi, sölu og notkun skyndigreiningarprófa fyrir COVID-19 verður að byggja á ákvæðum settra laga þar sem skýrlega er mælt fyrir um þá frelsistakmörkun sem til stendur að framfylgja. Þarna dugur ekki til að settar séu reglugerðir eða birtar séu auglýsingar án þess að fyrir þeim sé skýr efnisleg og sértæk lagastoð sem tekur til þeirrar takmörkunar sem hin lægra setta réttarheimild mælir fyrir um.

Fyrir liggur að birt hefur verið auglýsing um skyndigreiningarpróf fyrir COVID-19 nr. 150/2021 en þar er í fylgiskjali að finna fyrirmæli um notkun skyndigreiningarprófa fyrir COVID-19. Auglýsingin byggir á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu, en þar kemur fram að *Landlæknir getur gefið heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum almenn fagleg fyrirmæli um vinnulag, aðgerðir og viðbrögð af ýmsu tagi sem þeim er skylt að fylgja. Fyrirmælin skulu lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt.*


Þá hefur ráðuneytið veitt leyfi fyrir notkun skyndigreiningarprófa vegna COVID-19 en tekið fram að rannsókn skuli vera gerð undir eftirliti og á ábyrgð rannsóknastofu með starfsleyfi á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 415/2004.

Í ljósi ofangreinds er farið fram á skýr og afdráttarlaus svör við eftirfarandi spurningum:

- Telur ráðuneytið að auglýsing nr. 150/2021, sem byggð er á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 41/2007, bindi aðra en heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn?
- Telur ráðuneytið að 3. gr. reglugerðar nr. 415/2004 eigi sér lagastoð í sóttvarnalögum nr. 19/1997?
- Telur ráðuneytið að í gildi sé bann við því að einstaklingar noti skyndigreiningarpróf við COVID-19 ef það er ekki gert undir eftirliti og á ábyrgð rannsóknastofu? Ef svo, á hvaða lagagrundi, sem lýst er að ofan, byggir sú takmörkun á athafnafrelsi einstaklinga?
- Telur ráðuneytið að óheimilt sé að selja slík skyndigreiningarpróf til almennings t.d. í verslunum og lyfjabúðum?

Virðingarfyllst,

f.h. FA



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur